

## Læsisstefna Sólborgar

Sólborg er leikskóli án aðgreiningar og eru nemendur hans fjölbreyttur og getubreiður hópur sem er mætt á forsendum hvers og eins.

Sólborg er eini leikskóli landsins sem hefur sérhæft sig í að mæta þörfum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og er ráðgjafarskóli á því sviði. Leikskólinn leggur áherslu á íslenskt tákniál (ÍTM) sem er mjög sýnilegt í umhverfinu. Læsisstefnan okkar á því jafnt við um íslenskt tákniál og íslensku.

Hljóðeinangrun og góð hlustunarskilyrði eru mikilvæg atriði þegar verið er að vinna með málþroska og læsi. Til þess að auka gæði hljóðvistar hefur eftirfarandi verið gert í Sólborg:

- Mikið af húsnæðinu er hljóðeinangrað, t.d. forstofa, salur og kaffistofa starfsmanna.
- Tennisboltar eru á stólum, dúkar á borðum, mottur á gólfi og teppisbútar í leikfangakössum.
- Áhersla er á að hafa færri börn í hóp og ekki öll á sama stað.
- Hurðum á milli svæða er lokað.
- Skilrúm, gardínur og tjöld fyrir speglum.
- Kennari er innan barnahópsins, á gólfi eða situr við borð.



### 1. Málörvun í daglegu starfi

Mikil málörvun fer fram í öllu daglegu starfi og taka þarf tillit til þarfa hvers barns. Kennarar eru mikilvægar málþyrmyndir barnanna (bæði á ÍTM og íslensku), tala skýrt, eru í augnhæð við barnið, hlusta og endursegja jafnvel það sem barnið segir.

#### a. Orðaforði og málskilningur

- Orð sett á athafnir og hluti í daglegu starfi til að auka orðaforða og málskilning.
- Bækur eru notaðar til málörvunar og eru aðgengilegar.
- Lesið er fyrir börnin í litlum hópum á hverjum degi og einnig þegar börnin biðja um að láta lesa fyrir sig.
- Lestrarstundir eru stundum óundirbúnar, sjálfsprottunar og að frumkvæði barnanna og sögur eru einnig sagðar út frá myndum.
- Myndrænt umhverfi; dagskipulag, myndir, bókstafir, tákniál, myndir sem sýna hegðunarmótandi reglur (SMT).

#### b. Máltjáning og frásagnarhæfni

- Áhersla er á að tala mikið við börnin og spila við þau.
- Samtöl við barnahópa í skipulögðu starfi þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig um sameiginlega reynslu innan leikskólans og utan eins og í útikennslu og vettvangsferðum.

- Kennarar hvetja börn til að segja frá upplifun sinni fyrir utan leikskólann.
- Börn eru hvött til að tjá sig sín á milli í öllu daglegu starfi t.d. leysa ágreining, við matarborð og í leik.

#### c. Hlustun og hljóðkerfisvitund

- Rím (í söngvum og orðaleikjum).
- Hljóðgreining, greina hljóð í umhverfinu og málinu.
- Klappa atkvæði orða.
- Samsett orð, setja saman og taka sundur orð.
- Þekkja hljóð stafa og geta tengt það við rittákn.

#### d. Söngur og kveðskapur

Það að læra söngva og rímaðan kveðskap er mikilvægur hluti af máltöku barna. Það eflir hljóðkerfisvitund, eykur orðaforða og styrkir minni.

- Söngur og hrynjandi er notaður við daglegar athafnir til að róa, gleðja og hafa gaman.
- Sameiginleg söngstund fyrir allar deildir er í sal skólans einu sinni í viku og er hún táknmálstúlkuð.
- Sungið er inná hverri deild á hverjum degi og tengjast söngvarnir árstíðum og verkefnum starfsáætlunar hverju sinni.

#### e. Ritmál

Þróun ritmáls barna hefst með „merkingarlausu“ kroti sem verður að sögu, bókstöfum og orðum. Með hjálp kennara læra börn smátt og smátt að skilja og átta sig á því hvaða tilgangi krot, teikningar og bókstafir gegna.

- Börnin hafa greiðan aðgang að blöðum og ritföngum.
- Mikið af bókum og spilum eru aðgengilegar börnunum.
- Verk eftir börnin prýða skólahúsnæðið.
- Umhverfið er hvarvetna merkt og þá bæði með ritmáli og táknmálsmyndum.
- Myndrænt dagskipulag með texta sést á veggjum ásamt skipulagi um hvernig best beri að klæða sig í útiveru.
- Myndræn skráning af starfi barnanna í formi bókar sem er aðgengileg börnum og foreldrum.
- Eldri börn eru hvött til að nota ritmálið, t.d. í leik eða merkja teikningar sínar.



## 2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

Leikskólinn á stórt bókasafn sem er sýnilegt strax og gengið er inn í leikskólann úr forstofunni. Þar er úrval af barnabókmenntum fyrir mismunandi aldursbil og einnig fræðibækur um dýr, líkamann, tónlist o.fl. Í Sólborg er til mikið af námsgögnum sem tengjast málörvun, ritmáli og læsi.

- Inná hverri deild eru bókahillur sýnilegar og aðgengilegar börnunum. Bókum er skipt út reglulega til að skapa fjölbreytni. Einnig eru sér hillur eða kassar með bókum sem má skoða með kennara.
- Myndrænar skráningar á leik og starfi barnanna nýttar til að búa til bækur sem börn og foreldrar hafa greiðan aðgang að.

## 3. Börn með annað móðurmál en íslensku og íslenskt táknmál

Móttaka barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku skiptir miklu máli. Það þarf að kynna fyrir þeim starfsemi leikskólans til að skapa öryggi og traust. Við tileinkum okkur menningarnæmi og gerum okkur grein fyrir að fólk er ólíkt og tökum því með opnum huga. Mikilvægt er að taka vel á móti foreldrum á aðlögunartímabilinu svo að þeim líði vel að koma með barnið í leikskólann.

- Samskiptabók (bókin mín).
- Samkomulag við foreldra um samskipti milli heimilis og leikskóla, t.d. í gegnum tölvupóst.
- Nauðsynlegt að huga að íslenskunámi barna í samvinnu við foreldra.
- Markmið okkar er alltaf að börnin viti hvað er að gerast í kringum þau svo þeim líði vel.
- Orð úr móðurmáli barnsins gerð sýnileg, t.d. „góðan dag“.



Reykjavík, júní 2018.